

M-18/2009. Álit 8. apríl 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2009.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þess að búslóð sem fyrrtækið Y hafi flutt fyrir hann frá Danmörku til Íslands hafi bæði skemmst og týnst.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Vegna þess hvernig beiðni álitsbeiðanda er úr garði gerð taldi kæruneftndin nauðsynlegt að fá frekari skýringar á beiðninni og ritaði álitsbeiðanda svohljóðandi bréf 12. mars sl. í því skyni:

„Hinn 11. þ.m. móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni þína um álit vegna tjóns á flutningum á búslóð með Y.

Í beiðninni kemur ekki skýrt fram hver bótakrafa þín er samanlögð. Áður en beiðnin verður send féluginu og því gefinn kostur á andsvörum við kröfum þínum er nauðsynlegt að þú gerir grein fyrir heildarfjárhæð bótakröfunnar og bótakröfu vegna hvers hlutar um sig þar sem fjárhæð er ekki tilgreind. Eins þarftu að gera grein fyrir því hvort þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í beiðninni eru bótakröfur vegna þeirra. Þá er æskilegt að þú sendir upplýsingar um það hvort þær tölur sem tilgreindar eru miðast við nýja hluti eða notaða. Kæruneftndin óskar einnig eftir því að fá í hendur öll gögn um þá tryggingu sem þú segist hafa keypt vegna flutninganna og nánari lýsingu á því hvernig umbúnaður var um hlutina og hver annaðist hann.

Um kæruneftndina gildir reglugerð nr. 766/2006. Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar kemur fram að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort hann sé þess eðlis og studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera á hún að vísa málinu frá sér.

Frestur til að veita umbeðnar upplýsingar er til miðvikudagsins 25. mars nk.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt.

Það er álit kæruneftndarinnar að kröfur álitsbeiðanda séu svo óljósar og málsatvik það illa upplýst að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Sú niðurstaða leiðir hins vegar ekki til þess að álitsbeiðandi geti ekki á nýjan leik beðið nefndina um álit fullnægi ný beiðni þeim kröfum sem eru gerðar í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006,

sbr. og það sem fram kemur í framangreindu bréfi nefndarinnar til álitsbeiðanda frá 12. mars sl.

Álitsorð

Álitsbeiðni Y er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Álfheiður M. Sívertsen

Hildigunnur Hafsteinsdóttir